

- 1. Hver er heildar-kostnaður við breytingar á jarðhæð ráðhúss Árborgar? Óskað er eftir að upplýsingar verði sundurliðaðar eftir verkþáttum, svo sem hönnun, smíðavinna, raflagnir, vinna við gólf, innréttingar og uppsetning, húsgögn og búnaður og svo framvegis.**
Alls kr. 65.329.936,- Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.
- 2. Hvernig var staðið að vali á hönnuðum að verkinu?**
Sviðsstjórar funduðu með Plan 21 arkitektum og fengu umræður við þau um mögulega nálgun á verkefnið. Í framhaldinu komst á samstarf við þá um hönnunina.
- 3. Var gert ráð fyrir framkvæmdunum í fjárhagsáætlun ársins 2019 og þá hve hárrí upphæð? Var heildarkostnaðurinn innan þeirra marka?**
12. desember 2018 – Fjárhagsáætlun samþykkt. Sú upphæð sem þá var samþykkt 5 millj. Í umbætur á bókasafni og skipti á gólfduks voru ekki ræddar sérstaklega á bæjarstjórnarfundum heldur aðeins á vinnufundum bæjarfulltrúa um fjárhagsáætlun, enda aðeins hluti fjölda verkefna í fjárhagsáætlun. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir kostnaði við þessar breytingar í ýmsum fjárfestingaverkefnum hjá Eignadeild og endurbótum á skrifstofum ráðhúsi hjá bæjarskrifstofu.
27. febrúar 2019 – Tillögur Haraldar L. Haraldssonar lagðar fyrir bæjarstjórn.
20. mars 2019 – Aðgerðaráætlun vegna tillagna H.L.H. lögð fyrir bæjarstjórn.
Viðauki í september að heildarupphæð 39 millj.
Ljóst er að kostnaður sem til féll á árinu 2019 fór fram úr þessum áætlunum, þrátt fyrir að vinna við 2. hæð hafi dregist yfir á árið 2020. Þess ber þó að geta að drjúgur hluti hönnunar er vegna verka sem enn á eftir að framkvæma.
- 4. Hvenær var sótt um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni?**
Umsókn var skilað inn 30. september 2019.
- 5. Liggur brunahönnun fyrir varðandi jarðhæð ráðhússins og ef svo er, hefur hún verið samþykkt af brunavarnaeftirliti BÁ?**
Brunahönnun er í ferli og er unnin af brunahönnunarsérfræðingi Verkís í samvinnu við verkefnastjóra á framkvæmda- og tæknideild Árborgar.
- 6. Óskað er eftir upplýsingum um áætlaðan (fjárhagsáætlun) og áfallinn kostnað vegna framkvæmda og húsbúnaðarkaupa á 2. og 3.hæð ráðhússins á árinu 2019 og 2020, sundurliðað með sama hætti og í spurningu 1.**

Sjá Excel skjal varðandi 2019 (er yfir 1. hæðina einnig).

Fjárhagsáætlun 2020: 40 millj (án vsk).

1. Klára 2. hæð, 1. feb 2020:
 - a. Glerveggir: ca. 3 millj.
 - b. Teppalagning: ca. 300 þúsund kr.
 - c. Ýmis frágangur: ca. 500 þúsund kr.
2. Tryggja viðunandi aðstæður á 1. hæð, þ.e. ásættanlegan inngang að norðanverðu og góða hljóðvist við þjónustuver.
 - a. Vindfang: ca. 12 millj.
 - b. Hljóðvist: ca. 3 millj.
 - c. Ýmis frágangur: ca. 2 millj.

3. Tryggja samþykki brunavarna.
 - a. Brunahönnun: ca. 1 millj.
 - b. Brunavarnir: ca. 3 millj.
4. Klára 3ju hæð, helst ekki seinna en fyrir sumarið en í síðasta lagi fyrir ágúst.
 - a. ca. 20-25 millj. (verkhönnun er ekki fullbúin)
5. Skipta um lyftu, þetta má bíða til ársins 2021.
 - a. Með því að fríska uppá núverandi lyftu og taka hana í gegn: 3 millj.

Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvenær áætlað er að framkvæmdum við 2. og 3. hæð ljúki?

Helst fyrir sumarið en í síðasta lagi fyrir ágúst.

7. Var gerð þarfagreining fyrir framkvæmdina á öllum hæðum ráðhússins?

Þarfagreining var unnin mjög ítarlega í samráði við starfsfólk og stjórnendur í þeim tilgangi að tryggja notagildi framkvæmdar og hún yrði gerð í mikill sátt.